



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÉNAÐI RÓEALL OG ÍSA ALDUKTREGI

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/613*  
*komudagur 19.11.2012*

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Strandabyggð 16. nóvember 2012

**Efni: Umsögn um þingskjal 194 — 191. mál: Tillögu til þingsályktunar um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp.**

Sveitarstjórn Strandabyggðar tekur heilshugar undir þingsályktunartillögu um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp og skorar á Alþingi til að afgreiða tillöguna svo framkvæmdir geti hafist sem fyrst. Eins og fram kemur í greinargerð er sérlega mikilvægt fyrir byggð í Árneshreppi að framkvæmdum við heilsársveg verði flýtt eins og kostur er. Það er hreinlega til vansa fyrir stjórnvöld sem hafa á ýmsum tímum ítrekað stuðning sinn við eflingu byggðar og vegaframkvæmdir í Árneshreppi að gerð heilsársvegar í Árneshrepp skuli enn vera á umræðustigi. Þingsályktunartillagan er í takt við vilja Fjórðungssambands Vestfirðinga og ályktanir þess um forgangsröðun í vegamálum undanfarin ár og nýtur eindregins stuðnings sveitarstjórnar Strandabyggðar.

Virðingarfyllt,

F.h. sveitarstjórnar Strandabyggðar



STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 19, 510 HÓLMAVÍK KT. 570806-0410

SÍMI 451-3510 FAX 451-3403 BANKI 0316-26-153 NETFANG HOLMAVIK@HOLMAVIK.IS VEF Síða WWW.HOLMAVIK.IS